

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 389/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Kristjáni Ragnarssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1990 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Á sakavottorði ákærða 21. janúar 1991 kemur fram, að hann fékk reynslulausn í eitt ár af eftirstöðvum refsingar samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 28. september 1987, sem fjallaði um umferðarlagabrot ákærða 1. ágúst 1986 og 1. ágúst 1987. Stóðst hann skilorð hennar. Á sakavottorðinu kemur og fram, að ákærða var veitt heimild til ökuleyfis á ný 17. janúar 1991.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsí-ákvæða. Þegar ákærði framdi brot það, sem ákært er fyrir í málinu, var langt liðið á þriðja ár frá síðasta broti hans á umferðarlögum. Að því athuguðu og með hliðsjón af því, sem að framan greinir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing 30 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Kristján Ragnarsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

### S é r a t k v æ ð i

#### Haralds Henryssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um sakarmat og heimfærslu til refsíákvæða.

Sakavottorð ákærða er rakið í héraðsdómi. Frá árinu 1981 hefur hann meðal annars fjórum sinnum gerst sekur um ölvun við akstur og fimm sinnum um að aka sviptur ökuréttindum, áður en til þess brots kom, sem hér er til meðferðar. Með hliðsjón af sakaferli hans tel ég, að dæma beri hann til að sæta varðhaldi í 40 daga.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hlutans um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. ágúst 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 20. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 412/1990: Ákærvaldið gegn Kristjáni Ragnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. júlí sl., á hendur ákærða, Kristjáni Ragnarssyni, Möðrufelli 7, Reykjavík, kt. 041061-2279, „fyrir að aka að kvöldi fimmtudagsins 17. maí 1990, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-28443 um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans í Möðrufelli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, er fram er komið í málinu:

Fimmtudaginn 17. maí 1990 um kl. 19.40 veitti lögreglan athygli bifreiðinni R-28443, þar sem henni var ekið suður Suðurfell í Reykjavík með bifreið í drætti. Var bifreiðinni veitt eftirför, og stöðvaði lögreglan akstur hennar í Möðrufelli og hafði tal af ökumanni, er reyndist sviptur ökurétt-

indum. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu. Var ákærði færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem tekin var af honum lögregluskýrsla. Ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu vitneskju sína um það, að hann væri sviptur ökuréttindum.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur viðurkennt við rannsókn og meðferð málsins að hafa ekið bifreiðinni R-28443 án ökuréttinda, eins og greint er í ákæruskjali. Með afdráttarlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottórði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum: [Ákærði hefur sætt sex refsidómum fyrir ýmis brot, og var honum í fjórum þeirra dæmd ökuleyfissvipting, síðast 1987 (ævilöng svipting). Hann hefur fimm sinnum sæst á sektargreiðslu, m.a. tvisvar fyrir réttindaleysi við akstur. Honum var 9. mars 1988 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 30 dögum.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ragnarsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.